



# HRUNAMANNAHREPPUR

## 25. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

### KJÖRTÍMABILIÐ 2018 – 2022 6. FUNDUR ÁRSINS

### VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 7. MAÍ 2020

### KL. 14.00 Í FÉLAGSHEIMILINU Á FLÚÐUM

Árið 2020, þann 7. maí kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Huppusal í Félagsheimilinu á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra Hjörleifsdóttir setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

#### **Erindi til sveitarstjórnar:**

- 1. Ársreikningur 2019: Seinni umræða.**

Ársreikningur Hrunamannahrepps, sundurliðun ársreikningsins fyrir árið 2019 voru tekin til seinni umræðu. Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð um 36,3 millj. Rekstrarniðurstaða A og B hluta var jákvæð um 45,1 millj. Nettófjárfesting var 93 millj. Veltufé frá rekstri 123,6 millj. Heildareignir 1,559 millj., heildarskuldir 829 millj. og eigið fé 730 millj. Skuldahlutfall er 71,4% og hefur lækkað úr 77,5% frá fyrra ári. Að öðru leyti er vísað til framlagðra gagna. Sveitarstjórn samþykkir ársreikninginn samhljóða og er reikningurinn undirritaður því til staðfestingar.
- 2. Límtré Vírnet ehf: Aðalfundarboð og breytingartillaga á samþykktum félagsins.**

Oddviti kynnti aðalfundarboð Límtrés Vírnets ehf og tillögur um breytingar á samþykktum félagsins. Sveitarstjórn samþykkir tillögur að breytingum á samþykktum félagsins fyrir sitt leyti og felur sveitarstjóra að mæta á aðalfundinn.
- 3. Reykjanesdeild 4x4: Leppistungur.**

Oddviti kynnti erindi frá Reykjanesdeild 4x4 um áframhaldandi afnot af skála sveitarfélagsins í Leppistungum veturinn 2020-2021. Sveitarstjórn tekur jákvætt í að leigja húsið áfram næsta vetur til deildarinnar og vísar málinu til landbúnaðarnefndar til útfærslu.
- 4. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um frumvarp til laga um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni.
- 5. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um breytingu á ýmsum lögum er varða eignarráð og nýtingu fasteigna o.fl.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um breytingu á ýmsum lögum er varða eignarráð og nýtingu fasteigna.
- 6. Covid-19: Staða og horfur.**

Oddviti og sveitarstjóri fóru yfir stöðuna vegna Covid-19 mála í Hrunamannahreppi og áhrifin á samfélagið. Þá var lögð fram tillaga D-lista um auglýsingaherferð fyrir Hrunamannahrepp og til kynningar minnisblað vegna fundar sveitarfélaganna í SASS, upplýsingar um lækun á greiðslum úr Jöfnunarsjóði, minnisblað frá Tónlistarskóla Árnesinga og samskipti við Sambandið vegna sumarstarfa fyrir námsmenn. Á fundinn mætti Ásborg Arnþórsdóttir, ferðamálafulltrúi Uppsveita, og fór yfir stöðuna og þær aðgerðir sem á að ráðast í varðandi ferðapjónustuna á svæðinu, bæði á starfssvæði SASS og Uppsveitum. Þá sat fundinn undir þessum lið Aron Nökkvi Ólafsson formaður atvinnu-, ferða- og menningarnefndar. Sveitarstjórn samþykkir að vísa tillögu D-lista til atvinnu-, ferða- og menningarnefndar og felur nefndinni og ferðamálafulltrúa að boða til fundar sem fyrst með ferðapjónustuaðilum í sveitarfélaginu til að skipuleggja næstu skref varðandi kynningarmál.

## 7. **Íbúafundur.**

Oddviti ræddi um árlegan íbúafund sem haldinn hefur verið til að kynna fyrir íbúum síðasta ársreikning sveitarfélagsins. Sveitarstjórn samþykkir að halda íbúafund í byrjun júní en nánari dagsetning verður ákveðin síðar.

## 8. **Næsti fundur sveitarstjórnar.**

Sveitarstjórn samþykkir að næsti fundur sveitarstjórnar verði miðvikudaginn 20. maí nk. kl. 14:00 í Félagsheimilinu á Flúðum.

### **Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

#### 9. **Veitustjórn: Fundargerð 14. fundar frá 27. apríl s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 14. fundar veitustjórnar frá 27. apríl s.l. Farið var yfir valmöguleika á að auka heitavatnsöflun Hitaveitu Flúða þar sem þrjár leiðir voru sérstaklega ræddar. Þá voru samþykktar tillögur að viðaukum á samningum við Flúðaorku ehf vegna Kópsvatnsholunnar og samþykktar aðgerðir hjá hitaveitunni gagnvart þeim rekstaraðilum sem hafa orðið fyrir barðinu á Covid 19. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

### **Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu:**

#### 10. **Fundargerð 194. fundar skipulagsnefndar frá 29. apríl s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 22. apríl s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 194. fundar skipulagsnefndar frá 29. apríl og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 22. apríl s.l.

Engin mál er varðar Hrunamannahrepp lágu fyrir.

#### **Mál nr. 24: Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 22. apríl s.l.**

Lögð fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 22. apríl s.l.

### **Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

#### a. **Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 292. fundar stjórnar frá 22. apríl s.l.**

Lagt fram til kynningar.

#### b. **Skólabjónustu og velferðarnefnd Árnespings: Fundargerð 38. fundar frá 25. febrúar s.l.**

Lagt fram til kynningar.

#### c. **Skólabjónustu og velferðarnefnd Árnespings: Fundargerð 39. fundar frá 26. mars s.l.**

Lagt fram til kynningar.

#### d. **Skólabjónustu og velferðarnefnd Árnespings: Fundargerð 40. fundar frá 20. apríl s.l.**

Lagt fram til kynningar.

#### e. **SASS: Fundargerð 5567. fundar stjórnar frá 22. apríl s.l.**

Lagt fram til kynningar.

#### f. **Byggðarsafn Árneseinga: Fundargerð stjórnar frá 16. apríl s.l.**

Lagt fram til kynningar.

### **Kynningarmál:**

#### g. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 881. fundar stjórnar frá 24. apríl s.l.**

Lagt fram til kynningar.

#### h. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 882. fundar stjórnar frá 29. apríl s.l.**

Lagt fram til kynningar.

#### i. **Orlof Húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu 2019: Skýrsla og samantekt gjaldkera.**

Lagt fram til kynningar.

### **Fundir framundan:**

#### j. **Aðalfundur Reiðarhallarinnar á Flúðum ehf þann 11. maí n.k.**

Lagt fram til kynningar.

#### k. **Vorfundur Héraðsnefndar Árneseinga þann 12. maí n.k.**

Lagt fram til kynningar.

#### l. **Aðalfundur Límtré Vírnets ehf þann 13. maí n.k.**

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:10.